

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti á árinu 2025

1.gr.

Rétt til lækkunar og niðurfellingar fasteignaskatts eiga eillilífeyrisþegar (67 ára og eldri) og öryrkjar sem úrskurðaðir eru með 75% örorku eða meira. Veittur er afsláttur í fjórum þrepum eftir tekjum viðkomandi. Bæjarstjórn ákvarðar tekjuviðmið fyrir einhleypa og hjón/sambýlisfólk um leið og gengið er frá gjaldskrá bæjarfélagsins fyrir næsta ár. Ákvörðun um lækkun fasteignaskatts miðast við tekjur síðasta árs samkvæmt skattframtali. Öryrkjar eiga rétt á lækkun sama ár og þeir eru úrskurðaðir öryrkjar og örorkumat er lagt fram, og eillilífeyrisþegar frá því almanaksári að þeir ná 67 ára aldri. Skilyrði til lækkunar er að umsækjandi sé þinglýstur eigandi að eigninni, búi í viðkomandi eign, eigi þar lögheimili, og að um sé að ræða íbúðarhúsnæði. Ekki er heimilt að veita lækkun ef íbúð viðkomandi er leigð öðrum. Eingöngu er veittur afsláttur af gjöldum af einni íbúð í eigu aðila.

2.gr.

Til að geta átt rétt á afslætti af fasteignaskatti samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni, þarf eftirtöldum skilyrðum að vera fullnægt:

- Umsækjandi sé 75% öryrki eða 67 ára eða eldri. Eillilífeyrisþegar geta átt rétt á afslætti á því ári sem þeir verða 67 ára. Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.
- Umsækjandi búi sjálfur í eigin íbúðarhúsnæðinu sem staðsett sé á íbúðarsvæði skv. skipulagi og hafi ekki af því leigutekjur. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði, þegar umsækjandi dvelur á stofnun, á því ári sem viðkomandi fer á stofnun og næsta ár á eftir, enda hafi viðkomandi ekki leigutekjur af húsnæðinu. Sé sótt um afslátt af húsnæði sem stendur utan hefðbundins íbúðarsvæðis skv. skipulagi, skal afsláttur áskilinn því að húsnæðið hafi A skráningu í Landsskrá fasteigna og ekki sé um að ræða húsnæði sem stendur á skráðu frístundahúsasvæði.
- Sé umsækjandi í óvígðri sambúð gilda sömu reglur og um hjón sé að ræða.
- Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.
- Falli annar aðilinn, sem getið er í staflíð d, frá, þá á sá eftirlifandi rétt á því að njóta afsláttar hjóna, eða sambúðaraðila, út árið sem fráfallið átti sér stað á, óski hann þess.
- Verði slit á hjónabandi eða sambúð þeirra einstaklinga sem getið er í staflíð d, þá eiga aðilar máls rétt á öðru tveggja, frá og með þeim tíma sem lögskilnaður er skráður eða sambúðarslit skráð:
 - að njóta óbreytts afsláttar út álagningarárið óski þeir þess
 - að vera meðhöndlaðir sem einstaklingar frá og með þeim tíma óski þeir þess, enda geti þeir með fullnægjandi hætti sýnt aðgreindar sértekjur sínar vegna ársins á undan sbr. gr. 2 og 3.

3. gr.

Við ákvörðun um lækkun fasteignaskatts er miðað við tekjur skv. tekju- og útsvarsstofni og einnig fjármagnstekjur. Miðað er við heildartekjur skv. skattframtali ársins fyrir tekjur nýliðins árs. Tekjuviðmið eru heildarárstekjur heimilisins næsta ár á undan álagningarárinu, samkvæmt skattframtali.

4.gr.

Umsækjendur skulu leggja fram umsókn á tilskildum eyðublöðum, ásamt endurriti af skattframtali staðfestu af skattstjóra og örorkumatsvottorð, ef við á. Afsláttur er veittur frá næstu mánaðarmótum eftir að umsókn berst og gildir aðeins fyrir viðkomandi álagningarár.

5.gr.


Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga endurskoðar tekjumörk og hámark afsláttar í desember ár hvert, fyrir næsta ár. Reglur þessar eru settar með heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Gildandi afsláttartafla fyrir árið 2024:

Afsláttur	Heildartekjur einstaklinga allt að kr.	Heildartekjur hjóna allt að kr.
100%	5.319.615	7.447.459
75%	5.696.224	7.974.715
50%	6.151.921	8.612.691
25%	6.641.796	10.335.091

Þannig samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga, 13. desember 2024.

Sveitarfélaginu Vogum, 29. janúar 2025.



Vogar
Bæjarstjóri

Guðrún P. Ólafsdóttir bæjarstjóri.